

Upplýsingaskjal við váttryggingartöku hjá Afkomu váttryggingamiðlun

Að kaupa váttryggingarsamning af einhverju tagi er nær óhjákvæmilegt í nútíma þjóðfélagi. Váttryggingarsamningar eru mismunandi af gerð og eðli, en eiga það allir sameiginlegt að geta verið afar mikilvægir váttryggingartaka komi upp atburðir sem váttryggingin tekur til.

Íslensk löggjöf um váttryggingarsamninga er víðtæk og leggur mikla áherslu á neytendavernd. Allir aðilar sem dreifa váttryggingum á markaðinn sbr. lög nr. 62/2019 um dreifingu váttrygginga, bera skyldu skv. lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, til að veita viðskiptavinum sínum víðtækar og vandaðar upplýsingar um váttryggingarsamninginn áður en gengið er frá kaupum hans.

Váttryggingamiðlun fellur undir lög um dreifingu váttrygginga nr. 62/2019 og ber því þessa ríku upplýsingaskyldu gagnvart viðskiptavinum sínum. Með þessu skjali eru upplýsingarnar dregnar saman, þannig að viðskiptavinurinn geti á sem auðveldastan máta, gengið að þessum lögboðnu upplýsingum og kynnt sér þær áður en gengið er frá kaupum váttryggingarsamnings.

Aðilar að viðskiptum

Afkoma váttryggingamiðlun ehf. er löggilt váttryggingamiðlun sem er á skrá fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (www.fme.is) sem váttryggingamiðlun með útgefið og virkt starfsleyfi. Heimilisfang félagsins er Lyngháls 9, Reykjavík. Síminn er 595-9300 og tölvupóstfang er afkoma@afkoma.is. Heiti og heimilisfang þess tryggingafélags sem gagnaðili gerðra váttryggingarsamninga, er tiltekið á markaðsefni þeirra félaga og á váttryggingarumsókn sem váttryggingartaki undirritar.

Gagnsæi og eignatengsl

Engin eignatengsl eru á milli Afkomu váttryggingamiðlunar og váttryggingafélaga, hvorki þeirra sem Afkoma dreifir váttryggingum fyrir né annarra váttryggingafélaga. Afkoma váttryggingamiðlun dreifir váttryggingum frá tilteknum váttryggingafélögum á grundvelli samninga við þau eða á grundvelli samninga við umboðsaðila þeirra. Afkoma váttryggingamiðlun veitir því ekki hlutlausa ráðgjöf um váttryggingar í skilningi laga um váttryggingarsamninga. Söluráðgjafar Afkomu veita einungis ráðgjöf um þær afurðir sem félagið hefur heimild samkvæmt samningi að dreifa. Á vefsíðu Afkomu váttryggingamiðlunar kemur fram frá hvaða váttryggingafélögum félagið hefur heimild til að dreifa váttryggingum og veita söluráðgjafar nánari upplýsingar um félögin ef eftir því er óskað.

Endurgjald

Afkoma váttryggingamiðlun fær þóknun fyrir dreifingu váttryggingarsamninga. Allar þóknunir eru innifaldar í þeim iðgjöldum sem viðskiptavinir greiða. Sá kostnaður sem ávallt er tilgreindur og viðskiptavinir fá upplýsingar um fyrir váttryggingartöku er því heildarkostnaður viðskiptavina. Þóknunin er greidd til Afkomu af hálfu viðkomandi váttryggingafélags beint eða í gegnum umboðsaðila þegar samningur er kominn á. Viðskiptavinir greiða ekki endurgjald beint til Afkomu.

Þóknunin er í formi umboðslauna og getur grundvöllur þeirra verið mismunandi eftir váttryggingafélögum, s.s. að miðað sé við tiltekið hlutfall af virði váttryggingarsamnings út frá heildariðgjöldum eða tiltekinn fjölda mánaða út frá mánaðarlegum iðgjöldum samningsins. Viðskiptavinir geta óskað eftir nánari upplýsingum á afkoma@afkoma.is.

Þarfagreining

Samkvæmt lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 ber dreifingaraðilum váttrygginga að gera þarfagreiningu hjá viðskiptavinum sínum til að ganga úr skugga um að váttrygging henti viðskiptavini miðað við þarfir hans og aðstæður. Þarfagreining beinist að eftirfarandi:

- Váttrygging: Hvaða váttryggingavernd hentar við skiptavini miðað við hans aðstæður
- Váttryggingatengd fjárfestingarafurð: Hvers konar fjárfesting hentar viðskiptavini miðað við reynslu hans, þekkingu á fjárfestingum, fjárfestingarmarkmiðum hans og getu til að þola tap á fjárfestingum.
- Markmið reglna um þarfagreiningu er að tryggja að kaupendur váttrygginga kaupi váttryggingarafurðir sem þeir hafa raunvörulega þörf fyrir og henta aðstæðum hvers og eins. Afkoma váttryggingamiðlun ehf gera þarfagreiningu á viðskiptavinum sínum áður en gengið er frá kaupum á váttryggingarsamningi, en á váttryggingartímanum gerir Afkoma váttryggingamiðlun ehf þarfagreiningu þegar viðskiptavinur óskar þess.

Sérstök upplýsingaskýlda vegna persónutrygginga

Við dreifingu persónutrygginga (persónutrygging er vátrygging sem tekur á lífi og limum) ber samkvæmt lögum um vátryggingarsamninga að veita sérstakar upplýsingar. Söluráðgjafi veitir eftirfarandi upplýsingar sem koma í flestum tilfellum jafnframt fram í markaðsgögnum og/eða vátryggingarskilmálum frá viðkomandi vátryggingafélagi:

- Allar tegundir bóta sem í samningnum felast og rétt til breytinga á þeim á samningstímanum
- Gildistíma líftryggingar
- Hvernig samningnum verði sagt upp
- Hvernig iðgjöld skuli greidd, hve lengi og hvernig þeim verði breytt á samningstímanum
- Ef við á, hvernig ágóðahlutur er reiknaður og hvernig og hvenær hann verði greiddur
- Sundurliðun iðgjalda á hverja grein líftrygginga (bótategunda) og vegna aukagreina þegar þær eru innifaldar
- Vegna líftrygginga tengda fjárfestingum, skal skilgreina þær hlutaeiningar sem tengdar eru bótum
- Vegna líftrygginga tengda fjárfestingum, skal tilgreina hvers eðlis eignir að baki hlutaeiningum eru
- Hvernig háttað sé rétti vátryggingartaka til að hætta við að taka líftrygginguna
- Skatta sem ber að greiða vegna líftryggingarinnar

Sérstök upplýsingaskylda vegna váttryggingatengdra fjárfestingarafurða

Lög um váttryggingarsamninga tiltaka sérstaka upplýsingaskyldu dreifingaraðila váttrygginga áður en gerður er samningur um váttryggingatengda fjárfestingarafurð (yfirleitt söfnunarlíftrygging).

Söluráðgjafi veitir eftirfarandi upplýsingar sem koma í flestum tilfellum jafnframt fram í markaðsgögnum og/ eða váttryggingarskilmálum frá viðkomandi váttryggingafélagi.

*Mögulegar fjárfestingarleiðir og leiðbeiningar um þær.

*Áhættur sem felast í hverri fjárfestingarleið.

*Kostnað og gjöld váttryggingarafurðarinnar sem falla á váttryggingartaka

Iðrunarfrestur og uppsögn líftryggingarsamnings

Samkvæmt lögum hefur váttryggingartaki líftryggingar 30 daga iðrunarfrest til að falla frá gerðum líftryggingarsamningi. Váttryggingartaki hefur einnig rétt til að segja upp líftryggingarsamningi hvenær sem er án fyrirvara, en í tilfalli váttryggingatengda fjárfestingarafurða (söfnunarlíftryggingu) er rétt að hafa í huga að slíkt kann að vera óhagkvæmt og að endurkaupsvirði (inneign) tryggingarinnar getur þá verið lægra en greidd iðgjöld.

Kvartanir og ágreiningur

Hægt er að kvarta yfir þjónustu Afkomu váttryggingamiðlun ehf. með bréfi til félagsins eða með tölvupósti á netfangið afkoma@afkoma.is. Félagið skráir hjá sér kvörtun og leitast við að svara henni sem fyrst en ekki seinna en innan fjögurra vikna frá því að hún barst félaginu. Að öðru leyti er vísað til upplýsinga um meðferð kvartana á www.afkoma.is.

Hægt er að bera ágreining við Afkomu váttryggingamiðlun undir Kærunevnd vöru- og þjónustukaupa. Þessi nefnd er með aðsetur hjá Neytendastofu. Heimasíða nefndarinnar er www.kvth.is en þar er að finna greinargóðar upplýsingar um starfshætti nefndarinnar. Einnig veitir starfsfólk Afkomu váttryggingamiðlunar frekari upplýsingar um nefndina.

Viðskiptavinur getur ávallt borið ágreining um dómstóla.

Persónuvernd og trúnaðarskylda

Afkoma váttryggingamiðlun ehf. safnar persónuupplýsingum í starfsemi sinni enda samþykkir viðskiptavinur að veita slíkar persónuupplýsingar. Tilgangurinn með söfnun og vinnslu persónuupplýsinga hjá Afkomu váttryggingamiðlun ehf. er fyrst og fremst eftirfarandi:

- Í mörgum tilfellum er nauðsynlegt að áhættumeta umsækjendur váttrygginga með tilliti til heilsufars eða afla persónuupplýsinga við afgreiðslu á tjónskröfum. Þetta leiðir af eðli persónutrygginga þar sem váttryggingafélag tekur að sér áhættu á lífi og limum hinna váttryggðu.
- Að sinna lögbundinni skyldu Afkomu váttryggingamiðlun ehf. til að veita viðskiptavinum þarfagreiningu og ráðgjöf um sínar váttryggingar
- Persónuverndarstefnu Afkomu váttryggingamiðlunar ehf. má finna í heild sinni á vefsíðunni www.afkoma.is
- Allir starfsmenn Afkomu váttryggingamiðlunar ehf eru samkvæmt lögum bundnir þagnar - og trúnaðarskyldu um hvað eina sem þeir verða áskynja í starfi sínu. Þessi þagnar - og trúnaðarskylda helst þótt þeir láti af störfum hjá Afkomu váttryggingamiðlun ehf.

Reglur um peningþvætti

Líftryggingafélög og váttryggingamiðlarar sem miðla líftryggingum falla undir löggjöf um peningþvætti og varnir við hryðjuverkum. Í því felst m.a. að Afkoma váttryggingamiðlun ehf. ber að gera svokallaða áreiðanleikakönnun á viðskiptavinum sínum og staðfesta kenni þeirra með því að sjá persónuskilríki. Enn fremur ber Afkomu váttryggingamiðlun ehf tilkynningarskyldu til yfirvalda ef félagið er beðið um milligöngu einhverra viðskipta sem eru grunsamleg og geta falið í sér peningþvætti.

Önnur almenn atriði

Það er góð regla að varðveita kynningargögn og váttryggingarskjöl s.s. váttryggingarskilmála og váttryggingarskírteini á góðum stað. Þar sem váttryggingarsamningar eru yfirleitt gerðir til margra ára, þá er nýtsamlegt að geta rifjað upp öðru hverju hvert innihald váttryggingarsamningsins er og vera alltaf meðvitaður um efni hans. Þá kemur sér vel að eiga þessi gögn ef tjónsatburður kemur upp.

Það er hugsanlegt að kynningarefni, váttryggingarskjöl og samskipti við váttryggingafélag fari fram á ensku að einhverju eða öllu leyti. Váttryggingartakar samþykkja það fyrirkomulag með undirritun sinni á umboði/yfirlýsingu til Afkomu váttryggingamiðlunar ehf. Ef að váttryggingartaki á erfitt með að kynna sér efni kynningarefnis og váttryggingarskjala vegna þess að hann skilur illa ensku, þá er skynsamlegt að fá annan enskumælandi aðila til þess að fara yfir skjölin og gæta hvort váttryggingin sé í samræmi við væntingar tryggingatakans. Starfsfólk Afkomu váttryggingamiðlunar ehf er að sjálfsögðu alltaf tilbúið til að útskýra skjöl og/eða samskipti sem varða váttryggingafélagið og váttryggingarsamninginn.

Það er mikilvægt að váttryggingafélagið hafi alltaf upplýsingar um rétt tölvupóstfang hjá váttryggingartaka. Tilkynningar og yfirlit er varða váttryggingarsamninginn kunna að vera eingöngu send með tölvupósti til váttryggingartaka sem rafræn samskipti.

Það er mikilvægt að hafa í huga að váttryggingarsamningur er yfirleitt gerður til langs tíma. Þess vegna er nauðsynlegt að vanda samningsgerðina og skilja váttryggingarsamninginn vel, því vel skal vanda sem lengi kann að standa.